

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Brynja Einarasdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4.mars 2005.

**Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 12-12. mál.**

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn:

Með frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar að í stað þess að hæstaréttardómari sé skipaður samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra, tilnefni forsætisráðherra dómara að fengnu samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Er lagt til að tillögu ráðherra verði vísað til sérnefndar í þinginu sem fjalla skuli um hæfni þess sem tillaga er gerð um og að nefndin skuli einnig leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu. Samþykki Alþingi tillögu ráðherra, að fengnum ofangreindum umsögnum, skal tillagan lögð fyrir forseta Íslands sem skipar viðkomandi í embætti hæstaréttardómara.

Dómstólar hafa m.a. því mikilvæga hlutverki að gegna í stjórnskipaninni að hafa eftirlit með beitingu framkvæmdavalds og löggjafarvalds og endurskoða gerðir þeirra. Laganefnd Lögmannafélags Íslands tekur undir þau sjónarmið sem sett eru fram í greinargerð með frumvarpi þessu að mikilvægt sé að tryggja skýra þrígreiningu ríkisvaldsins og sjálfstæði dómstólanna. Laganefnd minnir á að á síðustu misserum hefur komið fram gagnrýni á núgildandi fyrirkomulag um skipan hæstaréttardómara sem veitir ráðherra mikið frelsi við val þeirra. Mikilvægt er að friður ríki um það fyrirkomulag sem viðhaft er við skipan hæstaréttardómara og að það tryggi að hæfasti einstaklingurinn verði fyrir valinu hverju sinni. Það er þekkt fræðikenning að ekki sé nóg að dómstólar séu sjálfstæðir og óháðir í raun, heldur verði allur ytri umbúnaður þeirra einnig að vera með þeim hætti að þeir líti hlutlægt séð út fyrir að vera sjálfstæðir og óháðir. Þannig megi ekki eftir ytri hlutlægum mælikvarða vera ástæða til að draga sjálfstæði dómstóla í efa.

Ljóst er að núgildandi fyrirkomulag um skipan hæstaréttardómara getur hlutlægt séð gefið tilefni til efasemnda um það að ytri umbúnaður skipunar standist að fullu þessi viðmið. Laganefnd bendir á að það sé óheppilegt að skipan hæstaréttardómara sé ekki skýrt hafin yfir efasemdir um sjálfstæði og er þá á engan hátt ýjað að því að á sjálfstæði skorti í raun hér á landi. Telur Laganefnd Lögmannafélags Íslands því sjálfsgagt og eðlilegt að fyrirkomulag um skipan hæstaréttardómara sé tekið til endurskoðunar, með það að markmiði að tryggja sem best fyrrgreind viðmið.

Laganefnd minnir á að þau atriði sem fyrirbyggjandi frumvarp fjallar um varða grundvallarþætti í stjórnskipaninni. Veigamikil rök eru fyrir því að slíkum grundvallaratriði-

um sé ekki breytt nema að vel athuguðu máli, enda liggi fyrir fullvissa um að slíkar breytingar feli í sér betri lausn á þeim málum er um ræðir. Í ársbyrjun 2005 var skipuð 9 manna nefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar og 4 manna sérfræðinganefnd henni til aðstoðar sem að einhverju leyti kunna að taka þau álitaefni sem frumvarpið snertir til meðferðar. Ýmsar leiðir kunna að vera færar í því efni að tryggja sem best sjálfstæði dómstólanna. Laganefnd Lögmannafélags Íslands leggur áherslu á að vandast að sé til verka við endurskoðun dómstólalaga að þessu leyti, en tekur að öðru leyti ekki afstöðu til þeirrar leiðar sem lögð er til í fyrirbyggjandi frumvarpi.

Virðingarfyllt,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.